



## Fundur í trúnaðarráði 5. Mars 2024, kl. 18:00.

Mættir: Stjórn Leiðsagnar: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) meðstjórnandi, Jóhanna Magnúsdóttir (JM) varamaður.

Aðrir í trúnaðarráði: Kári Jónasson (KJ), Bára Kristín Pétursdóttir (BKP) Sigrún Pálsdóttir (SP), Jens Ruminy (JR), Áslaug Marinósdóttir (ÁM), Hildur Bjarnadóttir (HB) fjarverandi.

HÞ, JM og JR á fjarfundi aðrir mættir í sal.

### Dagskrá:

1. Félagsskírteini og skjöldurinn
2. Kjörstjórn
3. Staða kjaraviðræðna

Formaður setur fund kl. 18:09 og býður orðið laust varðandi fyrsta mál: Félagsskírteini og skjöld.

Í sem allra stystu máli urðu miklar og heitar umræður um fyrsta dagskrárlið og sýndist sitt hverjum einkum og sérilagi hverjir ættu rétt á að fá skjöldinn. Í hnotskurn snerust umræður um í hvers höndum það væri að ákvarða hvaða skóla í landinu, sem bjóða upp á leiðsögunám, ætti að viðurkenna og þar með veita útskrifuðum nemendum þeirra rétt til að bera skjöldinn. Eins og sakir standa eru það eingöngu útskrifaðir nemendur úr Leiðsöguskólanum í Menntaskólanum í Kópavogi og Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ) sem fengið hafa skjöldinn. Þetta hefur þeim leiðsögumönnum, sem útskrifast úr öðrum skólum gramist og sumum svo mikið að þeir hafa gengið úr félaginu.

Nánast allir fundargestir tóku til máls og tjáðu sig um þetta hitamál, í þessari fundargerð verður ekki tilgreint í smáatriðum hver sagði hvað. (innlegg frá ritara: Málið er flókið og snertir sögu Leiðsagnar og m.a. hvort afhending skjaldar eigi að vera í höndum fagráðs/fagdeildar eða stéttarfélagsins).

Margir bentu á að þetta væri augljóslega mikið tilfinningamál. Bent var á að e.t.v., væri farsælasta lausn þessarar deilu að fá einhvern utanaðkomandi aðila til að meta menntunina sem skólarnir bjóða upp á og í ljósi niðurstöðu úr því væri hægt að ákvarða hver fær skjöld og hver ekki. Ennfremur var bent á að fyrst yfirvöld setja ekki staðla um leiðsögunám þá geti Leiðsögn í raun gert hvað sem er.

Eftir miklar og heitar umræður lagði HK fram tillögu um að farsælasta lausn þessarar deilu væri að fela fjórum leiðsögumönnum að finna óháðan aðila til að meta leiðsögunám, sem kennt er í landinu og þar með að fá botn í ágreining um skjöld og skírteini. Tillagan var samþykkt. Í hópnum eru ásamt HK, SP, BKP og JM. Fjórmenningunum er gefin vika til að finna þennan aðila.

Bókun við 1. Dagskrárlið frá BKP:

Undirrituð vill fá það bókað að hafa farið fram á að ákvörðun um skjöldinn verði tekin á fundinum. Undirrituð leggur það til atkvæða að tekin verði ákvörðun nú þegar að skjöldur

(og handbært skírteini) verði afhentur þeim sem lokið hafa menntun í leiðsögn úr þeim skólum sem kenna hana í dag. Þ.e. EHI, Ferðamálastólum og Leiðsöguskóla Íslands. Jöklaleiðsögumenn sem og aðrir með símenntun í faginu falli þar undir. Bókað verði hvernig hver og einn á fundi greiðir atkvæði sitt. Já eða nei.

## 2. Kjörstjórn

Formaður bendir á að enn vanti fólk í kjörstjórn og að trúnaðarráð þurfi að skipa í fulltrúa í ráðið og það verði að vera komið á hreint fyrir aðalfund. KJ og HB (Hildur B) voru í fyrra. KJ er til í að vera áfram og bendir á að það verði líka að vera maður sem kann á systemið. Snorri leggur til að fólk komi með nöfn á fund sem þegar hefur gefið samþykki sitt.

## 3. Staða kjaramála.

HK sem er í viðræðunefnd, segir að búið sé að taka alla vinnu frá í fyrra og vinna úr og segir að kröfugerð sé að mestu leyti búin. Fylgst sé vel með kjaraviðræðum stóru félaganna og um leið og lending sé í sjónmáli þar muni viðræður fara af stað okkar megin. Rætt um að hafa kjarasamning á mannamáli.

## Önnur mál.

Uppstillinganefnd. Formaður: trúnaðarráð var beðið um að finna fólk í uppstillinganefnd aðeins eitt nafn komið inn og segir að félagið sé á núllpunkti. Nöfn sem rædd voru: Soffía Alice, sem búin er að segja já sem og Ellert Sigurðson og Erlingur Örn Arnarson. Þetta fólk er samþykkt í uppstillinganefnd.

GME, sendi inn erindi um félagsfund og mun senda bókun á ritara HP.

Bókun frá GME, undir liðnum önnur mál:

Ég undirrituð Guðný Margrét Emilsdóttir legg fram eftirfarandi bókun: Að boðað verði til félagsfundar þann 14. marz 2024, kl. 18:00. Á þessum félagsfundi verður Ragnar Þór formaður VR og hans fólk með kynningu á VR og kostir þess fyrir Leiðsögn að ganga til liðs við VR ræddir. Í framhaldinu verður opinn umræða um málefnið.

Engar skuldbindingar.

Guðný Margrét Emilsdóttir

GME gerir athugasemdir við störf ritara og segir að hún sé ekki að sinna starfi sínu sem skyldi því hún (GME) hafi sent inn athugasemdir og bókanir sem ekki hafi skilað sér í fundargerðir.

BKP, leggur fram bókun við 1. Lið og SAÁ leggur til að sú bókun verði tekin fyrir eftir að búið er að taka út alla leiðsögumannamenntun í landinu.

Fundi slitið kl. 19:48.

Fundarritari: Hallfríður Þórarinsdóttir